

Alþingi – Atvinnuveganefnd

Kirkjustræti

150 Reykjavík

Laugarvatn, 2. desember 2020

Umsögn varðandi tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi fyrir smávirkjanir, 238. mál.

Landssamtök raforkubænda fagna framkominni tillögu til þingsályktunar, en vilja koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Smávirkjanir og umhverfismat

Mörk tilkynningarskyldu til Skipulagsstofnunar **ættu að vera 1000 kW**, að norskri fyrirmynd. Sveitarfélag taki afstöðu, til virkjunar en leiti þá jafnframt til opinberra fagaðila, umsagnaraðila. Áður en tekin er ákvörðun varðandi leyfisveitingu og kröfur til mannvirkja, rekstrar virkjunar. Sjá ítarlegri upplýsingar á vef NVE (Orkustofnun Noregs).

<https://www.nve.no/konsesjonsaker/konsesjonsbehandling-av-vannkraft/sma-vannkraftverk/informasjonsside-for-kommunene/>

<https://www.nve.no/konsesjonsaker/konsesjonsbehandling-av-vannkraft/sma-vannkraftverk/saksgang-for-sma-kraftverk/trinn-1-for-du-soker/>

Smávirkjanir eru nauðsynlegar fyrir raforkuöryggi

Smávirkjanir eru oftast einfaldar rennslisvirkjanir með takmörkuðum miðlunarmöguleika. Því er það land er fer undir vatn lítið per framleidda orkueiningu. Þau rök hafa heyrst að fjöldi smávirkjana hafi sömu áhrif og ein stórvirkjun, en það er rétt að taka undir texta í þingsályktun að umhverfisáhrif smávirkjana eru mun minni en stórvirkjana.

Norsk fyrirmynd

Það er tvímælaust kostur ef aðeins ein stofnun fer með leyfisveitingar. Einnig hefur löng bið eftir afgreiðslu umsókna hjá NVE orðið þess valdandi að nærliggjandi virkjunartillögur hafa verið afgreiddar saman, talað er um pakka.

<https://www.nve.no/konsesjonsaker/konsesjonsbehandling-av-vannkraft/sma-vannkraftverk/smakraftpakker/>

Rétt er að benda einnig á að fjöldi smávirkjana hefur verið samþykktur í Noregi síðastliðin ár en bíða nú framkvæmda þar sem dreifikerfið ber ekki fjölgunina.

<https://www.tu.no/artikler/i-disse-23-kommunene-kan-det-ikke-bygges-mer-smakraft/456302>

F.h. stjórnar Landssamtaka raforkubænda

Jón Snæbjörnsson, formaður